

Nd.

500. Nefndarálit

[111. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1965.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ríkisreikningurinn sýnir stórfelldar álögur á þjóðina, mikla eyðslu, en jafnframt mikla hlutfallslega lækkun á ríkisframlögum til verklegra framkvæmda.

Yfirskoðunarmenn hafa m. a. gert athugasemdir um miklar eftirstöðvar hjá innheimtumönnum ríkisins og útistandandi skuldir hjá ýmsum ríkisfyrirtækjum.

Hér skal nefnt eitt dæmi um það, hvernig sparnaðarfyrirheit núverandi ríkisstjórnar hafa reynzt í framkvæmd.

Árið 1961 lagði stjórnin frumvarp til nýrra laga um tekjuskatt og eignarskatt fyrir Alþingi og fékk það samþykkt í þinginu. Það nýmæli var í þeim lögum, að skattanefndir í sveitarfélögum voru lagðar niður, en landinu skipt í 8 skattumdæmi, með einum skattstjóra í hverju. Stjórnin og málsvarar hennar töluðu og skrifuðu um það sem mikið afreksverk að leggja niður 219 skattanefndir með 657 mönnum og 24 yfirsattanefndir að auki. Og um þetta sagði ríkisstjórnin m. a.: „fer ekki hjá því, að hér verði um talsverðan sparnað að ræða.“

En hvað segir ríkisreikningurinn um sparnaðinn?

Árið 1961, síðasta árið, sem eldra fyrirkomulagið við skattaálagninguna var í gildi, var kostnaður við skattanefndir, skattstofur og ríkisskattanefnd samtals 11 millj. og 200 þús. kr., en samkvæmt ríkisreikningnum, er hér liggur fyrir, var kostnaður við skattstofur og ríkisskattanefnd árið 1965 alls 32 millj. og 148 þús. kr. Þannig hefur kostnaður við álagningu skatta um það bil þrefaldast á 4 árum. Þannig fór um sparnaðinn, sem ríkisstjórnin sagði að nýja kerfið mundi hafa í för með sér.

Fjárhagsnefnd hefur fengið afrit af skýrslu ríkisendurskoðunarinnar, dags. 10. jan. s. l., sem sýnir, hvað eftir var að endurskoða af reikningum ríkisstofnana, embætta o. fl. hinn 31. des. 1966. Einnig hefur nefndin fengið yfirlit, dags. 12. þ. m., er sýnir, hvað unnið hefur verið að endurskoðun þeirra reikninga, síðan

skýrslan var gefin. Af þessum gögnum sést, að enn er ólokið endurskoðun allmargra reikninga fyrir árið 1965 og nokkurra frá fyrri tímum.

Við teljum, að ríkisreikninga eigi ekki að samþykkja á Alþingi, fyrr en endurskoðun þeirra er lokið. Leggjum við því til, að afgreiðslu málsins verði frestað.

Skýrsla ríkisendurskoðunarinnar frá 10. jan. s. l. og bréf sömu stofnunar, dags. 12. þ. m., eru prentuð hér með sem fylgiskjöl.

Alþingi, 13. apríl 1967.

Skúli Guðmundsson, Einar Ágústsson.  
frsm.

### Fylgiskjal I.

RÍKISENDURSKOÐUN,  
Reykjavík.

### SKÝRSLA

til yfirskoðunarmanna ríkisreiknings frá ríkisendurskoðuninni um, hvað ólokið var af endurskoðun reikninga ríkisstofnana, embætta o. fl. 31. desember 1966.

#### I.

Hér fer á eftir skrá yfir reikninga, sem bíða endurskoðunar:

Embættiskostnaður forseta Íslands 1965.

Embættiskostnaður landlæknis 1965.

Embættiskostnaður biskups 1964—1965.

Hagstofa 1964—1965.

Þjóðskráin 1964—1965.

Borgardómaraembættið 1964—1965.

Sakadómaraembættið 1964—1965.

Lögreglustjóraembættið 1965.

Bifreiðaeftirlitið 1965.

Saksóknaraembættið 1964—1965.

Hegningarhúsið í Reykjavík 1965.

Bændaskólinn og búíð á Hólum 1965.

Garðyrkjuskólinn og búíð á Reykjum 1965.

Menntaskólinn á Akureyri 1965.

Menntaskólinn að Laugarvatni 1965 (reikningsskil ókomin).

Héraðsskólinn að Laugarvatni 1963—1965.

Héraðsskólinn að Núpi 1965.

Íþróttakennaraskólinn 1964—1965.

Heyrnleysingjaskólinn 1965.

Landsbókasafnið 1965.

Þjóðskjalasafnið 1965.

Náttúrufræðistofnunin 1965.

Safn Einars Jónssonar 1965.

Ásgrimssafn 1965.

Bókaútgáfa Menningarsjóðs 1964—1965 (reikningsskil 1965 ókomin).

Skattstjóraembættið í Reykjanesumdæmi 1965 (reikningsskil ókomin).

Skipaútgerð ríkisins 1964 (ríkisendursk. tók við endursk. 1. jan. 1965).

Landhelgisgæzlan 1964.

Fiskmat ríkisins 1965.

Síldarmat ríkisins 1964—1965.

Raforkumál lokið að mestu 1965 (reikningsskil ókomin fyrir Rafmv. ríkisins).

Atvinnudeild Háskólans 1964.

Rannsóknastofnanir atvinnuveganna 1965.

Tilraunastöðin að Keldum 1965.

Vegamál 1965.

Veiðimálastjóri 1965.

Vélasjóður ríkisins 1965.

Auk þeirra mála, sem hér voru talin, er ólokið endurskoðun nokkurra smáreikninga, sem brátt verður lokið við.

Það skal tekið fram, að endurskoðað er jafnóðum hjá flestum stærri stofnunum og ríkisfyrirtækjum, þannig að endurskoðun þeirra er langt komin fyrir árið 1966.

Endurskoðun vegamála hefur seinkað af þeim sökum, að starfsmaður, sem til þess var ráðinn, lézt á árinu. — Endurskoðun Atvinnudeildarinnar, Rannsóknastofnana o. fl. hefur seinkað vegna þess, að endurskoðanda var leyft að hætta störfum hér fyrirvaralaust og annar var ekki ráðinn í hans stað að sinni.

## II.

Endurskoðun tekna, annarra en aðflutningsgjalda, í embættum sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur er komið sem hér segir:

1. Lokið í öllum embættum til ársloka 1963, í 10 embættum 1964 og 1965.
2. Eftirlit var framkvæmt í 18 embættum 1965 og í 10 embættum á árinu 1966.
3. Embættismannaskipti urðu í þrem embættum á árinu 1966, Hafnarfirði, Siglufirði og Bolungarvík, og voru í því sambandi framkvæmdar úttektir á þeim.

Rétt er að taka það fram, að endurskoðun á tekjum embættanna hefur tafizt nokkuð, sökum þess að einn þeirra manna, sem unnu að henni, hætta störfum á miðju ári 1966 sökum vanheilsu og enn hefur ekki verið ráðinn maður í hans stað.

## III.

### Tollendurskoðun:

Eins og nokkur undanfarin ár eru tollreikningar í Reykjavík endurskoðaðir, áður en greiðsla á þeim fer fram, og verður aldrei óeðlilegur dráttur á afgreiðslu tolla þar vegna starfa endurskoðunarinnar.

Útan Reykjavíkur er ekki hægt að koma þessu fyrirkomulagi við. Stærstu tollumdæmin senda skjöl sín og bækur mánaðarlega til endurskoðunar, og er endurskoðað þar nokkurn veginn jafnóðum. Ef misfellur finnast, er strax tilkynnt um þær í símtali til hlutaðeigandi embættis, til þess að leiðréttingu verði við komið, svo fljótt sem auðið er. Í minnstu tollumdæmum, þar sem afgreiðslur að jafnaði eru mjög fáar og smáar, var endurskoðað eftir árið.

Á s. l. ári hefur verið hert mjög á tollinnheimtu úti á landi, og hefur það borið mikinn árangur. Framvegis verður lögð rík áherzla á, að innheimta þessi komist í viðunandi horf.

Ríkisendurskoðunin, 10. jan. 1967.

Árni Arnason.

### Fylgiskjal II.

12. apríl 1967.

RÍKISENDURSKOÐUN,  
Reykjavík.

Hér með fylgir skýrsla, sem send var yfirskoðunarmönnum ríkisreikningsins 10. janúar s. l., um, hvað þá væri ólokið af endurskoðun ríkisstofnana o. fl. miðað við árslok 1965.

Síðan um áramót hefur verið lokið við endurskoðun eftirtalinna reikninga, sem tilgreindir voru í I. kafla téðrar skýrslu:

Garðyrkjuskólinn og búíð á Reykjum .....	árið 1965	
Menntaskólinn á Akureyri .....	—	—
Málleysingjaskólinn .....	—	—
Landsbókasafnið .....	—	—
Þjóðskjalasafnið .....	—	—
Skattstofa Reykjanesumdæmis .....	—	—
Tilraunastöðin á Keldum .....	—	—
Embættiskostnaður saksóknara .....	—	—
Embættiskostnaður sakadómara .....	—	—
Landhelgisgæzlan .....	—	—
Skipaútgærð ríkisins .....	—	—

Endurskoðun vegareikninga fyrir árið 1965 er nokkuð á veg komin og mun ljúka í næsta mánuði.

Nokkuð er byrjað á endurskoðun reikninga ársins 1966, sem fram fer að loknum reikningsskilum, en endurskoðun hjá flestum stærri stofnunum og ríkisfyrirtækjum fer fram jafnóðum, eins og venja hefur verið.

Endurskoðun tekna, annarra en aðflutningsgjalda, í embættum sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur, sem um getur í II. kafla áður nefndrar skýrslu, er nú komið sem hér segir:

Lokið í öllum embættum til ársloka 1963, í 15 embættum 1964 og 11 embættum 1965. Þá er endurskoðun aukatekna, þinglýsingar- og stimpilgjalda í embættum utan Reykjavíkur nálega lokið til ársloka 1965.

Endurskoðun á tekjum embættanna hefur tafizt nokkuð sökum þess, að einn þeirra manna, sem unnu að henni, hætti störfum á miðju ári 1966 sökum vanheilsu og kom enginn í hans stað fyrr en á árinu 1967.

Að öðru leyti visast til meðf. skýrslu til yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, dags. 10. janúar s. l.

F. h. r.

A. Á.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.